

## Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 2.tbl. 10. árg

### September og október 2020



Komið þið sæl

Skólaárið 2020-2021 hefur farið vel af stað í Glerárskóla. Ný D-álma (efri gangur) var tekin í notkun mánudaginn 31. ágúst 2020 og er álman afar glæsileg og vel búin. Neðri gangur verður að vonum tilbúinn til notkunar í lok september/byrjun október og hlakka allir til þess tíma.

Lóð skólans er eins og áður hefur verið nefnt ansi aðþrengd en samt sem áður nóg pláss fyrir okkur til að leika saman og fá okkur ferskt loft.

Aðgengi að skólanum okkar er einnig með öðrum hætti en undanfarið vegna framkvæmda við skólann. Það hafa verið útbúin bílastæði fyrir starfsfólk sunnan A-álmú og C-álmú.

**Við ítrekum þá ósk að forráðamenn komi ekki inn á bílplön sunnan A-álmú eða sunnan C-álmú ef þeir nauðsynlega þurfa að skutla börnunum í skólann.**

**Gert er ráð fyrir sleppisvæði við Höfðahlíðina til að hleypa börnunum út og þá geta þau gengið að skólanum.**

Við biðjum alla að lesa fréttabréfið vel og nýta sér heimasíðuna okkar til upplýsingaöflunar. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá ritara eða umsjónarkennurum í gegnum tölvupóst.

„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst.“

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,  
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

### Útivistartími og svefn

#### Útivistartími

Við minnum á að útivistartími nemenda frá 1. september er sem hér segir:

**12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 20:00**

**13 - 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 22:00**

**Stöndum saman, fylgjum lögum, höldum vel utan um krakkana okkar og munum að okkar er ábyrgðin.**

### Svefn

Við bendum á að börn þurfa góðan svefn til að vaxa og dafna.

Eðlilegur svefntími barna á skólaaldri er 9-11 klukkustundir á sólarhring.

Það skiptir því miklu máli að börnin okkar fari að sofa fyrir kl. 10 á kvöldin svo þau nái þeirri hvíld sem talin er nauðsynleg.



### Ábyrgð og skyldur

Stjórnendur Glerárskóla vilja benda forráðamönnum á reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum sem finna má á eftirfarandi slóð:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1040-2011>

Sem foreldrar berum við ábyrgð á börnum okkar hvar sem þau eru og sem skólasamfélag ber okkur að starfa saman að því að mennta nemendur eins og best verður á kosið.

Það er því alltaf gott að kíkja í reglugerðina og rifja upp ábyrgð og skyldur okkar í skólasamfélaginu.

### Öryggi í umferðinni

Nemendur í 1. - 10. bekk mega koma á farartæki á hjólum í skólann.

Ítrekað skal þó að nemendur allt að 9 ára aldri mega ekki hjóla á akvegi heldur verða að þræða stíga og gangstéttir. Við viljum einnig benda á að nemendur eru á ábyrgð forráðamanna á leið í og úr skóla.

Þar sem nú eru miklar framkvæmdir við Glerárskóla þrengir æði mikið að nemendum á leið sinni til og frá skóla. Við óskum því eftir að forráðamenn brýni fyrir börnum sínum að fara varlega og hafa augun opin. Enn er þrengt að skólalóðinni okkar úr tveimur áttum og í kringum skólann verða oft á tíðum stór vinnutæki. *Það er því grundvallaratriði að kenna börnunum okkar varkárni í umferðinni.*

Nemendur í 1. - 10. bekk sem koma á farartækjum á hjólum í skólann þurfa að hlýta þeirri reglu að nota hjólin ekki á skólalóðinni. Einnig ber nemendum að setja hjólin sín í hjólagrindur og læsa þeim, því skólinn tekur ekki ábyrgð á hjólunum. Ekki er í boði að geyma hjól, hlaupahjól eða rafmagnshjól inni í skólanum. Þeir nemendur sem eru á raf- eða bensínkutlum eiga að leggja hjólunum á bílastæði en ekki á gangstéttum.

Forráðamönnum bendum við á að aka **ekki** inn á bílastæði við skólann heldur sleppa nemendum út á **sleppisvæði við Höfðahlíð** og muna að göturnar í kringum skólann okkar eru með **30 kílómetra hámarkshraða.**

**Munum svo að ALLIR NEMENDUR eiga að nota hjálm á öllum farartækjum á hjólum!**



## Covid19 og staðan í dag

Enn eru reglur í skólanum sem fylgja þarf vegna Covid19. Þær eru einfaldar en samt er gott að fara reglulega yfir þær með börnunum svo allir fylgi þeim eftir:

1. Vera dugleg að þvo sér um hendur með sápu og vatni eða nota spritt. **Alltaf skal spritta hendur við komu í matsal.**
2. **Forráðamenn koma ekki inn í skólann nema brýna nauðsyn beri til.**
3. Sýnum virðingu í samskiptum og tókum tillit til þeirra sem vilja virða nándarmörk (1 meter innan skólans).
4. Ef nemendur hafa kvefeinkenni, sáran háls, hitaslæðing eða beinverki skal halda þeim heima og tilkynna veikindi.

## Leyfisbeiðnir

Skólinn hvetur forráðamenn til að óska sem minnst eftir leyfi fyrir nemendur frá skóla þar sem nám þeirra er mikilvægt og skólaskylda er í landinu.

Við bendum forráðamönnum á að ef sækja þarf um leyfi í 1-2 daga þarf að hafa samband við umsjónarkennara til að fá slík leyfi. Senda þarf póst á kennarann og afrit á ritara en ritari getur ekki veitt leyfi.

Ef um 3 daga eða lengri leyfi er að ræða þarf að sækja um þau rafrænt á formi sem finna má á heimasíðu skólans. Athugið að slík leyfi þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna náms nemenda.

## Framkvæmdir við Glerárskóla

Eins og áður hefur verið minnst á er efri gangur í D-álmú skólans nú kominn í notkun. Húsnæðið er glæsilegt og vel búið og mikið gleðiefni að svo vel hafi tekist til. Neðri hæð (kjallari) er enn í endurbyggingu en verður að öllu vonum tekin í notkun fljótlega svo starfsemi skólans komist í eðlilegt horf.

**„ Börn þarfnast frekar fyrirmynda en gagnrýnenda.“**

Joubert

## Helstu atburðir í september og október 2020

9. september 2020	Skólahlaup Glerárskóla (Ólympíuhlaup ÍSí)
16. september 2020	Dagur íslenskrar náttúru
24. og 25. september 2020	Samræmd próf í 7. bekk

25. september 2020	Fótboltamót 8. -10. bekkjar á Akureyri
30. sept. - 1. okt. 2020	Samræmd próf í 4. bekk
8. - 9. október 2020	Uppbrot/Þemadagar
20. október 2020	Skipulagsdagur - Nemendur í fríi
21. október 2020	Viðtalsdagur
22. - 23. október 2020	Hautfrí nemenda og kennara

## Samræmd próf í 4. og 7. bekk

Í lok september og byrjun október fara fram árleg samræmd próf í 4. og 7. bekk. Þau verða sem hér segir:

24. september: 7. bekkur íslenska

25. september: 7. bekkur stærðfræði



30. september: 4. bekkur íslenska

1. október: 4. bekkur stærðfræði

Allar nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

## Skólahlaup Glerárskóla - Ólympíuhlaup ÍSÍ

Ólympíuhlaup ÍSÍ - Skólahlaup Glerárskóla, verður **miðvikudaginn 9. september 2020** samkvæmt eftirfarandi:

Rásmarkið verður á bílastæðinu beint fyrir framan starfsmannainngang.

**1.-4. bekkur** hleypur af stað **uppúr kl. 10:35**

**5.-7. bekkur** kl. **10:40**

**8.-10. bekkur** kl. **10:45**


Veitt verða verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin á hverju stigi hjá stelpum og strákum.

Hlaupaleiðin verður hefðbundin, allir fara einn hring, startað frá skólanum, hlaupið upp Höfðahlíðina, beygt til hægri Skarðshlíðina, framhjá Sunnuhlíð, áfram framhjá Boganum og svo áfram Skarðshlíðina niður að Glerá og upp stíginn meðfram Glerá að skólanum þar sem hlaupinu lýkur.

Nemendur þurfa að koma í góðum skóm þennan dag.



**Skólahlaup**  
**Glerárskóla**  
**2,75 km**



## Faglegt starf í Glerárskóla



Í Glerárskóla eru viðfangsefni kennslunnar margvísleg. Kennarar kenna námsgreinar og bera ábyrgð á nemendahópum, en einnig taka stórir og smáir hópar kennara að sér fjölbreytt verkefni sem þeim er falið að leysa. Teymisvinna er árangursrík og gerir verkefni auðveldari viðfangs, því eins og máltækið segir vinna margar hendur létt verk. Þeir sem í teyminu sitja styðja hver annan og bera sameiginlega ábyrgð á að verkefni teymisins vinnist. Allt starfsfólks Glerárskóla vinnur í teyfum í góðri samvinnu hvert við annað, sínir frumkvæði og eru góðar fyrirmyndir fyrir nemendur.

Nemendur Glerárskóla vinna oft í teyfum sem eflir þá í samvinnu og í því að axla ábyrgð.

Fjölbreytt hópaskipting innan árganga gerir það að verkum að nemendur læra að vinna saman á margvíslegan hátt. Alltaf er litið á árganga sem eina heild í Glerárskóla en innan heildarinnar eru umsjónarhópar sem hafa sinn umsjónarkennara. Síðan eru margvíslegar skiptingar í kennslu, bæði innan árganga, innan námsgreina en einnig milli árganga og milli stiga. Með teymisvinnu læra nemendur að sína hver öðrum virðingu, taka ábyrgð á eigin námi og hegðun í samskiptum við hvern annan auk þess sem þeir læra að nýta sterku hliðar sínar í þágu hópsins.

## Læstir skápar nemenda í 9. og 10. bekk

Nú eru litlu skáparnir í B- og D- álmum tilbúnir til útleigu fyrir nemendur.

Nemendur í 10. og 9. bekkjum Glerárskóla geta fengið læsta geymsluskápa til afnota. Skáparnir eru númeraðir og fær nemandi lykil að tilteknum skáp. Skáparnir eru fyrst og fremst ætlaðir til þess að geyma skólabækur og námsgögn sem ekki er verið að nota hverju sinni. Nemendur og foreldrar undirrita leigusamning með ýmsum skuldbindingum er varða notkun á skápunum. Leigan er kr. 1.500 og trygging kr. 1.500.

Tómas Lárus hefur kynnt þetta fyrir nemendum. Í framhaldinu fara öll samskipti varðandi leigu til hans.

## Foreldrafélag Glerárskóla gefur vatnsbrúsa

Á síðasta skólaári fengu allir nemendur Glerárskóla vatnsbrúsa að gjöf frá Foreldrafélagi Glerárskóla. Allir 1. bekkingar Glerárskóla hafa nú fengið vatnsbrúsa að gjöf frá Foreldrafélaginu og munu allir nýir nemendur einnig fá brúsa. Brúsarnir eru fallegir álbrúsar sem nemendur nota til vatnsdrykkju í skólanum og því eru þeir geymdir þar. Við þökkum Foreldrafélaginu fyrir frábæra samvinnu og góða gjöf.



## Fatamerkingar

Kæru forráðamenn. Við biðlum til ykkar um að merkja föt og eigur nemenda með nafni og símanúmeri. Það auðveldar okkur mikið að geta haft samband ef við finnum óskilamuni sem eru merktir og þá er betra að vera með nafn og síma heldur en upphafsstafi. Takk fyrir samvinnuna.

## Kynningarfundir fyrir forráðamenn

Á næstu vikum munu umsjónarkennarar vera með skólakynningar fyrir forráðamenn. Kynningarnar verða á ýmiskonar formi að þessu sinni vegna aðstæðna í samfélaginu en þær innihalda upplýsingar um skólastarfið s.s. kennslu, skipulag og margt fleira. Allar nánari upplýsingar koma frá umsjónarkennurum til forráðamanna.

## Skipulagsdagur, þemadagar, haustfrí og viðtalsdagur

**Fimmtudaginn 8. október og föstudaginn 9. október eru þemadagar** í Glerárskóla. Þessa tvo daga munu nemendur vinna að verkefnum í tengslum við Erasmus+ sem skólinn tekur þátt í og tengjast jafnrétti og umhverfismálum. Allar nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

**Þriðjudaginn 20. október er skipulagsdagur** í Glerárskóla. Þann dag eru **nemendur í fríi** en frístund er opin frá kl. 13:00 - 16:15.

**Miðvikudaginn 21. október er viðtalsdagur** í Glerárskóla. Þann dag koma nemendur og forráðamenn í viðtal til umsjónarkennara. Þanta þarf viðtalstíma hjá kennurum í gegnum Mentor en upplýsingar um það verða sendar til forráðamanna þegar nær dregur.

**Fimmtudaginn 22. og föstudaginn 23. október 2020 er haustfrí** hjá nemendum og kennurum Glerárskóla. Þá daga er frístund opin frá kl. 8:00 - 16:15.

**„Þekking verður að menntun þegar hún breytist úr minnisraun í skilningsraun.“**  
Þórarinn Björnsson



Hið víðfræga Rósaball verður haldið í Glerárskóla um miðjan októbermánuð. Ballið er fyrir nemendur í 8. - 10. bekk og fær nafn sitt vegna þess að 10. bekkingar sækja 8. bekinga á ballið og færa þeim rós. Allar nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

## Vegna íþróttá- og sundkennslu

Ef nemandi getur af einhverjum orsökum ekki stundað sund eða íþróttir í grunnskóla, þarf forráðamaður að skila inn vottorði þess efnis frá lækni. Slíkt vottorð þarf að **endurnýja í byrjun hvers skólaárs**. Við hvetjum forráðamenn til að vera í sambandi við kennara og/eða stjórnendur ef um slík mál er að ræða svo hægt sé að koma sem best til móts við nemendur.

Í framhaldi af því viljum við biðja forráðamenn að hvetja nemendur til að mæta samviskusamlega í íþróttir og sund. Hreyfing skiptir verulegu máli til að stuðla að betri vellíðan og heilsu nemenda.

**Glerárskóli, v/Höfðahlíð**

**603 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en  
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: [glerskoli@akureyri.is](mailto:glerskoli@akureyri.is)

Heimasíða skólans: [glerskoli.is](http://glerskoli.is)

Facebook síða: Glerárskóli

**HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI**

